

KJARASAMNINGUR

Verzlunarskóla Íslands

og

Kennarasambands Íslands

Almennur kafli um launahækkunir

1. grein

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist til 31. júlí 2008 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast.

2. grein

Núgildandi launatafla kennara Verzlunarskólans hækkar sem hér segir:

1. apríl 2005 hækkun um 7.07%

Ný launatafla, gildir frá 01.04.05

<u>Lfk</u>	<u>Laun</u>	<u>Lfk</u>	<u>Laun</u>	<u>Lfk</u>	<u>Laun</u>	<u>Lfk</u>	<u>Laun</u>
11	197.552	31	266.074	51	358.363	71	482.663
12	200.515	32	270.065	52	363.739	72	489.903
13	203.523	33	274.116	53	369.195	73	497.252
14	206.576	34	278.228	54	374.733	74	504.710
15	209.675	35	282.401	55	380.354	75	512.281
16	212.820	36	286.637	56	386.059	76	519.965
17	216.012	37	290.937	57	391.850	77	527.765
18	219.252	38	295.301	58	397.727	78	535.681
19	222.541	39	299.730	59	403.693	79	543.716
20	225.879	40	304.226	60	409.749	80	551.872
21	229.267	41	308.790	61	415.895		
22	232.706	42	313.422	62	422.133		
23	236.197	43	318.123	63	428.465		
24	239.740	44	322.895	64	434.892		
25	243.336	45	327.738	65	441.416		
26	246.986	46	332.654	66	448.037		
27	250.691	47	337.644	67	454.758		
28	254.451	48	342.709	68	461.579		
29	258.268	49	347.849	69	468.503		
30	262.142	50	353.067	70	475.530		

1. janúar 2006 hækkun um 2.50%

Þann 1. maí 2006 tekur gildi ný launaröðun, sbr fylgiskjal 1, hækkun að meðaltali skal vera 4.80% og skal þess gætt að dagvinnulaun einstakra kennara lækki ekki við endurröðun.

AST
IÖ

1. janúar 2007 hækkun um 2.25%
1. maí 2007 hækkun um 3.40%
1. janúar 2008 hækkun um 2%

Eingreiðsla skal nema 36.000 kr. sem greiddar skulu eigi síðar en 15. maí 2005, fyrir kennara í fullu starfi og hlutfallslega minna fyrir kennara í hlutastarfi.

Við ákvörðun á röðun starfa í launaflokka skulu fyrst og fremst metin þau verkefni og skyldur sem í starfinu felast auk þeirrar færni sem þarf til að geta innt starfið af hendi.

Unnt er að meta persónu- og tímabundna þætti (sbr. viðauka 2), sem álag á launaflokka.

Ofangreindir þættir geta verið breytilegir frá einum tíma til annars og forsendur þeirra skulu endurskoðaðar við breytingar á starfssviði starfsmanns eða eftir nánari útfærslu í stofnanasamningi.

1.4 Tímakaup í dagvinnu

1.4.1 Tímakaup í hverjum launaflokki er 0,615% af mánaðarkaupi.

1.4.2 Heimilt er að greiða tímakaup í eftirfarandi tilvikum:

1. Lífeyrisþegum, sem vinna hluta úr starfi.
2. Kennurum, sem ráðnir eru til að vinna að sérhæfðum afmörkuðum verkefnum.
3. Stundakennurum.

1.5 Tímakaup í yfirvinnu

1.5.1 Yfirvinna er greidd með tímakaupi. Tímakaup fyrir yfirvinnu í hverjum launaflokki er 1,0385% af mánaðarlaunum kennarans. Öll vinna, sem unnin er á stórhátíðum skv. 2.1.4.3 greiðist með tímakaupi sem nemur 1,375% af mánaðarlaunum kennarans. Önnur yfirvinna en kennsla greiðist með yfirvinnukaupi miðað við unnar klukkustundir. Kennslustund í yfirvinnu telst ein klukkustund, sé lengd hennar 40 mínútur, og hlutfallslega sé hún lengri.

2. Vinnutími

2.1 Almenn, árlegur starfstími skóla, vinnutími kennara

2.1.1 Vinnutími kennara í fullu starfi skal vera 1800 klst. á ári eða 40 stundir á viku að meðaltali yfir árið utan orlofs

2.1.4 Frídagar:

2.1.4.1 Almennir frídagar eru laugardagar og sunnudagar.

2.1.4.2 Sérstakir frídagar eru:

1. Nýársdagur
2. Skírdagur
3. Föstudagurinn langi
4. Laugardagur fyrir páska
5. Páskadagur

6. Annar í páskum
7. Sumardagurinn fyrsti
8. 1. maí
9. Uppstigningardagur
10. Hvítasunnudagur
11. Annar í hvítasunnu
12. 17. júní
13. Frídagur verslunarmanna
14. Aðfangadagur jóla eftir kl. 12
15. Jóladaur
16. Annar í jólum
17. Gamlársdagur eftir kl. 12

2.1.4.3. Stórhátíðardagar eru:

1. Nýárdagur
2. Föstudagurinn langi
3. Páskadagur
4. Hvítasunnudagur
5. 17. júní
6. Aðfangadagur jóla eftir kl. 12
7. Jóladaur
8. Gamlársdagur eftir kl. 12

2.1.5 **Árlegur starfstími**

- 2.1.5.1 Samkvæmt lögum um framhaldsskóla og reglugerð um starfstíma framhaldsskóla og leyfisfaga eru ytri mörk upphafs og loka skólstarfs hvert skólaár frá 19. ágúst til 31. maí og skal 9 mánuða starfstími framhaldsskóla rúmast innan þessara marka. Ef skólar velja að hefja starfstíma sinn 19. ágúst ber að telja starfstímann 9 mánuði þaðan í frá. Utan 9 mánaðanna er fjögurra daga almenn vinnuskylda kennara til undirbúnings og frágangs, aðliggjandi starfstíma nemenda.

Kennslu- og prófadagar í framhaldsskólum eru samkvæmt lögum eigi færri en 175, þar af eigi færri en 145 kennsludagar. Við talningu kennslu- og prófadaga eru allir dagar heilir dagar. Skólasetningardagur telst ekki kennsludagur nema kennsla fari að öðru leyti fram skv. stundaskrá. Skólaslitadagur og/eða afhendingardagur einkunna telst reglulegur kennsludagur.

Heimilt er að semja um upphaf haustannar þannig að kennarar komi til vinnu 15. ágúst ef þannig stendur á, enda skal það gert eigi síðar en um áramót.

2.1.6 **Vinnutími kennara**

- 2.1.6.1 Vinnutími kennara í fullu starfi skal vera 1800 klst. á ári og 40 klukkustundir á viku til jafnaðar yfir árið. Þar af skulu 80 klst. vera til endurmenntunar. Kennari í fullu starfi skilar vinnuskyldu sinni við kennslu og tengd störf og námsmat á 9 mánaða starfstíma skóla, nema um annað hafi verið samið skriflega.

2.1.6.3 **Viðverutími, ákvörðun um dagleg mörk**

Við upphaf skólaárs eða annar skal ákveða dagleg mörk viðverutíma. Skal hann, eftir því sem við verður komið, liggja innan marka dagvinnutímabils og vera samfelldur. Viðverutími annar en kennsla skal þó aldrei vera utan dagvinnumarka nema með samþykki kennara.

2.2. Dagvinna

2.2.1 Skv. ákvörðun skólastjóra skal kennari að jafnaði skila dagvinnu sinni, annarri en undirbúningi kennslustunda, á tímabilinu 08-17. Kennari ákveður hvort vinna við undirbúning kennslu fer fram innan veggja skólans eða á heimili hans.

2.3 Yfirvinna

2.3.1 Yfirvinna telst sú vinna, sem fram fer utan tilskilins vikulegs vinnutíma, svo og kennsla umfram kennsluskyldu.

2.3.2 Yfirvinna á sérstökum frídögum, greiðslur

Öll vinna, sem unnin er á sérstökum frídögum greiðist sem yfirvinna.

2.3.3 Útköll

2.3.3.1 Sé kennari kallaður út til vinnu utan dagvinnu skal útkall teljast minnst 4 klst. nema það liggja að dagvinnutíma.

2.3.5. Öll yfirvinna skal greidd eftir á fyrir hvern mánuð eða hverja þrjátíu daga og komi til útborgunar eigi síðar en 15 dögum eftir síðasta dag reikningstímabils. Sama gildir um greiðslu fyrir yfirvinnu á veikindatímabili skv reglugerð.

2.3.7 Föst yfirvinna greiðist 4 vikur á mánuði á starfstíma skólans. Sú yfirvinna sem sett er á stundaskrá er greidd í 36 vikur á ári eða 18 vikur á önn.

2.3.9 Nemendaferðir, greiðslur fyrir umsjón

Fari kennari í nemendaferðir skal semja fyrirfram um greiðslur þar að lútandi.

2.3.11 Fyrir samningu endurtekningarprófs og prófs í áfanga, sem ekki er kenndur á viðkomandi önn, greiðast 7 klst. í yfirvinnu og 9 klst ef um yfirlitspróf er að ræða. Fyrir yfirferð hvernar úrlausnar greiðast 20 mínútur í yfirvinnu og 30 mínútur fyrir yfirlitspróf. Lágmarksgreiðsla vegna yfirferðar skal þó aldrei vera lægri en 1 klukkustund.

2.3.13 Kennsla við fleiri en einn framhaldsskóla

Kennsla umfram fullt starf (100%) í fleiri en einum framhaldsskóla greiðist sem yfirvinna með samþykki skólastjóra.

2.4 Lágmarkshvöld

2.4.1 Hvöld ekki fengist í 8 klukkustundir. Hafi starfsmaður ekki fengið samfellda hvöld í a.m.k. 8 klukkustundir vegna yfirvinnu eða hvers konar útkalla, þar til hann mætir til reglubundinnar vinnu á ný, án skerðingar á nokkrum þeim reglubundnu launum, sem hann hefði fengið greidd.

2.4.2 **Unnið 16 klukkustundir eða lengur á einum sólarhring**
Hafi starfsmaður unnið 16 klukkustundir á einum sólarhring, þ.e. hverjum 24 klst., að meðtöldum matar- og kaffihléum, þar til hann mætir til reglubundinnar vinnu á ný, án skerðingar á þeim reglubundnu launum, sem hann hefði fengið greidd.

2.4.3 Yfirvinnugreiðsla ef tilskilin hvöld fæst ekki

Fáist ekki tilskilin hvöld skv. 2.4.1 og 2.4.2, greiðist yfirvinnukaup auk hinna reglubundnu launa, þ.e. dagvinnu, vaktaálags og yfirvinnu, sem hann hefði fengið greidd.

2.7 Kennsluskylda

2.7.1 Kennsluskylda kennara í fullu starfi skal vera 24 kennlustundir á viku. Hver kennlustund með tengdum vinnuþáttum reiknast 1,7 klst.

2.8 Stundakennsla

2.8.1 Stundakennari, sem ráðinn er til kennslu heilt skólaár, er svari til a.m.k. 1/3 hluta fullrar kennsluskyldu, taki laun sem fastráðinn væri.

3. Matar og kaffitímar, fæði og mötuneyti

3.1 Matar- og kaffitímar á dagvinnutímabili

3.1.1 Matartími, 30 mínútur, skal vera á tímabilinu kl. 11:30-13:30, og telst hann eigi til vinnutíma.

3.1.2 Heimilt er að lengja, stytta eða fella niður matartíma með samkomulag skólustjóra og þeirra kennara, sem málið varðar.

3.1.3 Sé matartíma á dagvinnutímabili breytt skv. 3.1.2, lýkur vikulegri dagvinnu þeim mun síðar eða fyrr. Séu matartímar lengri skv. 3.1.2, telst lengingin ekki til vinnutímans.

3.1.4 Á venjulegum vinnudegi skulu vera tveir kaffitímar, 15 mínútur og 20 mínútur, og teljast þeir til vinnutíma.

3.1.5 Kaffitíma má lengja, stytta eða fella niður með sama hætti og matartíma.

3.4.1 Kennarar skulu hafa aðgang að matstofu. Matstofa telst sá staður í þessu tilviki þar sem hægt er að bera fram heitan eða kaldan mat, aðfluttan eða eldaðan á staðnum. Húsakynni skulu vera í samræmi við kröfur viðkomandi

ASB
20

heilbrigðisyfirvalda. Starfsmenn greiði efnisverð matarins en annar rekstrarkostnaður greiðist af viðkomandi stofnun.

4. Orlof

4.1 Lengd orlofs

4.1.1 Lágmarksorlof skal vera 192 vinnuskyldustundir miðað við fullt ársstarf. Kennari, sem unnið hefur hluta af fullu starfi eða hluta úr ári, skal fá orlof 16 vinnuskyldustundir fyrir fullt mánaðarstarf.

4.1.2 Kennari, sem náð hefur 10 ára starfsaldri eða 40 ára aldri á því almanaksári, sem tímabil sumarorlofs tilheyrir, fær að auki orlof, sem svarar til 24 vinnuskyldustunda í dagvinnu. Við 18 ára starfsaldur eða 50 ára aldur fær hann enn að auki orlof, sem svarar til 24 vinnuskyldustunda í dagvinnu. Starfsaldur til orlofs skal reiknaður eftir sömu reglum og starfsaldur til launa.

4.2 Orlofsfé, orlofsframlag og orlofsuppbót

4.2.1 Kennari skal fá 10,17% orlofsfé á yfirvinnu skv. samningi þessum. Við 10 ára starfsaldur eða 40 ára aldur skal hann fá 11,59%. Við 18 ára starfsaldur eða 50 ára aldur skal hann fá 13,04%.

4.3 Orlofsárið

4.3.1 Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl.

4.6 Veikindi í orlofi

4.6.1 Veikist kennari í orlofi, telst sá tími, sem veikindum nemur, ekki til orlofs, enda sanni kennari með læknisvottorði, að hann geti ekki notið orlofs.

4.6.2 Sé kennari veikur á tímabilinu 1. júní til 31. ágúst svo nemi einum mánuði eða lengri tíma, skal það, sem fram yfir er, skoðast veikindi í orlofi allt að fullum orlofstíma. Veikindi skulu skýlaust sönnuð sbr. ákvæði 4.6.1

4.7 Frestun orlofs

4.7.1 Nú tekur kennari ekki orlof eitthvert ár, og á hann þá rétt á, með samþykki skólustjóra, að leggja saman orlof þess árs og hins næsta til orlofstöku síðara árið.

4.7.2 Nú tekur kennari ekki orlof eða hluta af orlofi skv. beiðni skólustjóra og geymist þá orlofið til næsta árs, ella ber honum þá yfirvinnukaup fyrir starf sitt þann tíma. Annars er kennurum óheimilt að taka vinnu í stað orlofs í starfsgrein sinni.

4.8 Áunninn orlofsréttur

4.8.1 Greiða skal dánarbúi áunninn orlofsrétt látins kennara.

4.9 Orlofssjóður

- 4.9.1 Verzlunarskóli Íslands greiðir sérstakt gjald í Orlofssjóð KÍ. Gjald þetta skal nema 0,25% af fullum launum félagsmanna í þjónustu skólans og greiðist ársfjórðungslega eftir á, skv. útreikningum launagreiðanda.

5. Ferðir og gisting

5.1 Ferðakostnaður samkvæmt reikningi

- 5.1.1 Ferðakostnaður vegna ferða innanlands
Kostnaður vegna ferðalaga innanlands skal greiðast eftir reikningi, enda fylgi fullnægjandi frumgögn. Sama gildir, ef hluti vinnudags er unninn svo langt frá föstum vinnustað, að starfsmaður þarf að kaupa sér fæði utan heimilis eða fasts vinnustaðar.
- 5.1.2 Ferðakostnaður, áætlaður og greiddur fyrirfram
Starfsmenn skulu fá fyrirframgreiðslu áætlaðs ferðakostnaðar.
- 5.1.3 Ferðakostnaður, uppgjör
Um uppgjör ferðakostnaðar, þar með talið akstursgjald, fer eftir sömu reglum og um uppgjör yfirvinnu.

5.2 Dagpeningar innanlands

- 5.2.1 Gisti- og fæðiskostnaður, dagpeningar
Greiða skal gisti- og fæðiskostnað með dagpeningum, sé um það samkomulag eða ekki unnt að leggja fram reikninga.
- 5.2.2 Dagpeningar ákveðnir af nefnd
Dagpeningar á ferðalögum innanlands skulu ákveðnir af nefnd skv. 5.8.

5.3 Greiðsluháttur

- 5.3.1 Greiðsluháttur ákveðinn fyrirfram
Fyrirfram skal af stofnun og starfsmanni ákveðið, hvaða háttur á greiðslu ferðakostnaðar skal viðhafður hverju sinni.

5.5 Fargjöld erlendis

- 5.5.1 Fargjöld á ferðum erlendis, greiðsla
Fargjöld á ferðalögum erlendis skulu greiðast eftir reikningi, enda fylgi ávallt farseðlar.

5.6 Dagpeningar á ferðum erlendis

- 5.6.1 Ferðakostnaður erlendis, dagpeningar
Annar ferðakostnaður á ferðalögum erlendis greiðist með dagpeningum, sem skulu ákveðnir af nefnd skv. 5.8.
- 5.6.2 Dagpeningar á ferðum erlendis, hvað greiða á
Af dagpeningum á ferðalögum erlendis ber að greiða allan venjulegan ferðakostnað annan en fargjöld, svo sem kostnað vegna ferða að og frá flugvöllum, fæði, húsnæði, minni háttar risnu, hvers konar persónuleg útgjöld.

5.7 Dagpeningar vegna námskeiða o.fl.

- 5.7.1 Dagpeningar vegna námskeiða ákveðnir af nefnd
Dagpeningar vegna námskeiða, þjálfunar- og eftirlitsstarfa skulu ákveðnir af nefnd skv. 5.8.

5.8 Ferðakostnaðarnefnd

- 5.8.1 Dagpeningar endurskoðaðir
Upphæð dagpeninga skv. samningi þessum skal endurskoða, þegar þörf er á og samningsaðili óskar þess, þó ekki sjaldnar en á þriggja mánaða fresti. Endurskoðunin skal unnin af nefnd, er sé skipuð einum fulltrúa BSRB, einum fulltrúa BHM, einum fulltrúa KÍ, og þremur fulltrúum tilnefndum af fjármálaráðherra.
- 5.8.2 Dvalarkostnaður endurskoðaður
Nefnd þessi skal einnig endurskoða flokkun landa eftir dvalarkostnaði, svo og greiðslu fyrir afnot eigin bifreiðar starfsmanna, sé notkun hennar nauðsynleg vegna starfsins.
- 5.8.3 Oddamaður
Náist ekki samkomulag í nefndinni, skal oddamaður tilnefndur af Hagstofu Íslands.

5.11 Kostnaður við námskeið

- 5.11.1 Fargjöld og dagpeningar á kennaranámskeiðum
Starfsmenn er sækja kennaranámskeið, skulu fá greidd fargjöld að og frá námskeiðsstað, og að auki fulla dagpeninga ríkisstarfsmanna á ferðalögum innanlands, sé starfsmönnum, sem gista þurfa á námskeiðsstað, ekki séð fyrir gistingu og fæði með öðrum hætti.

6. Aðbúnaður og hollustuhættir

6.1 Um aðbúnað og hollustuhætti

- 6.1.1 **Um aðbúnað og hollustuhætti**
Um aðbúnað og hollustuhætti fer skv. lögum nr. 46/1980 og öðrum reglum eftir atvikum.

7. Tryggingar

7.1 Slysaftryggingar

- 7.1.1 Kennarar skulu slysaftryggðir allan sólarhringinn fyrir dauða eða vegna varanlegrar örorku. Um trygginguna gilda mismunandi bótafjárhæðir og tryggingarskilmálar eftir því hvort kennari verður fyrir slysi í starfi eða utan starfs. Um skilmála trygginga þessara gilda reglur, nr. 30/1990 og nr. 31/1990, sem fjármálaráðherra hefur sett.
- 7.1.2 Dánarslysabætur eru:

1. Ef hinn látni var ógiftur og lætur ekki eftir sig barn undir 18 ára aldri og hefur ekki séð fyrir foreldri eða foreldrum, 67 ára og eldri:

vegna slyss utan starfs 431.000 kr.
vegna slyss í starfi 861.900 kr.

Rétthafar þessara dánarbúa eru lögerfingjar.

2. Ef hinni látni var ógiftur, en lætur eftir sig barn(börn) undir 18 ára aldri og/eða hefur samnanlega séð fyrir foreldri eða foreldrum, 67 ára og eldri:
vegna slyss utan starfs 1.320.400 kr.
vegna slyss í starfi 2.641.100 kr.

Rétthafar þessara dánarbóta eru foreldrar og börn. Taki báðir þessir aðilar bætur, rennur 1/3 hluti bóta til foreldra, en 2/3 hlutar bóta skiptast milli barna að jöfnu.

3. Ef hinn látni var í hjúskap eða í sambúð, sem að öðru leyti má jafna til hjúskapar og sem staðið hefur a.m.k. í 2 ár samfelld fyrir andlát hans, skulu bætur til maka eða sambúðaraðila vera:
vegna slyss utan starfs 1.806.300 kr.
vegna slyss í starfi 4.310.000 kr.

Rétthafi dánarbóta þessara er viðkomandi maki eða sambúðaraðili.

4. Ef hinn látni lætur eftir sig barn undir 18 ára aldri, til hvers barns:
vegna slyss utan starfs 431.000 kr.
vegna slyss í starfi 861.900 kr

Stundi barn hins látna á aldrinum 18-25 ára nám í framhaldsskóla- eða háskólastigi í a.m.k. sex mánuði ársins, er hinn tryggði andaðist, á það sama rétt til bóta. Rétthafar dánarbóta þessara eru viðkomandi börn. Bætur greiðast til fjárhaldsmanns ófjárráða barns.

5. Með börnum í 2. og 4. tölulið er átt við kynbörn, kjörbörn, stjúpborn, börn sambúðaraðila og fósturbörn, sem hinn látni var framfærsluskyldur við sbr. 14. gr. barnalaga nr. 9/1981.
6. Bætur greiðast aðeins skv. einum af töluliðum 1, 2 eða 3. Til viðbótar við bætur skv. 2. og 3. tölulið geta komið bætur skv. 4. tölulið.

- 7.1.3 Tryggingarfjárhæðir vegna varanlegrar örorku eru:
vegna slyss utan starfs 3.472.200 kr.
vegna slyss í starfi 5.425.200 kr.

Bætur greiðast í hlutfalli við tryggingarfjárhæðirnar, þó þannig að hvert örorkustig frá 26-50% vegur tvöfalt og hvert örorkustig frá 51-100% vegur þrefalt.

- 7.1.4 Framangreindar tryggingarfjárhæðir miðast við vísitöluneysluverðs í desember 1999, 194,0 stig. Við uppgjör bóta skal framreikna fjárhæðir miðað við þær breytingar, sem orðið hafa á vísitölu neysluverðs frá apríl 1989 til uppgjörsmánaðar bóta. Vísitölubinding bóta takmarkast við 3 ár frá slysdegi.

- 7.1.5 Verði vinnuveitandi skaðabótaskyldur gagnvart vátryggða, skulu slysabætur, skv. slysatryggingum þessum koma að fullu til frádráttar skaðabótum, er þeim kann að verða gert að greiða.

7.2 Farangurstrygging

- 7.2.1 Um farangurstryggingar starfsmanna gilda reglur um farangurstryggingar starfsmanna á ferðalögum á vegum ríkisins, nr. 281/1988.

7.3 Persónulegir munir

- 7.3.1 Verði kennari sannanlega fyrir tjóni á algengum nauðsynlegum fatnaði og munum við vinnu, svo sem úrum, gleraugum, o.s.frv., skal það bætt skv. mati. Náist ekki samkomulag skal farið skv. mati eins fulltrúa frá hvorum aðila kjarasamningsins. Slík tjón verða einungis bætt, ef þau verða vegna óhappa á vinnustað. Ekki skal bæta tjón, ef það verður sannanlega vegna gáleysis eða hirðuleysis kennara.

7.4 Slys á vinnustað

- 7.4.1 Skólinn bæti kennara þau útgjöld, sem kennari kann að verða fyrir af völdum slyss á vinnustað og slysatryggingar almannatrygginga bæta ekki skv.27. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar.

8. Laun í veikindum, foreldra- og fæðingarorlof, fjölskyldu- og styrktarsjóður.

- 8.1 Kennarar skólans eiga sama rétt til launa í veikindum, foreldra- og fæðingarorlofi og kennarar í þjónustu ríkisins sbr. lög um foreldra- og fæðingarorlof og samkomulag BHM, BSRB og KÍ við ríki og sveitarfélög frá 24. október 2000 (með gildistöku 1. janúar 2001) um tilhögun fæðingarorlofs, rétt starfsmanna vegna veikinda og slysa og um fjölskyldu- og styrktarsjóð. Samkomulagið telst hluti af ráðningarkjörum félagsmanna KÍ í Verzlunarskóla Íslands.
- 8.2 Verzlunarskólinn tekur á sig þær skuldbindingar sem vísað er til í samkomulagi BHM, BSRB og KÍ við ríki og sveitarfélög frá 24. október 2000 um að sækja um aðild að fjölskyldu- og styrktarsjóði og greiða 0,41% af heildarlaunum félagsmanna í Kennarasambandi Íslands sem starfa við Verzlunarskóla Íslands í fjölskyldu- og styrktarsjóð.

9. Afleysingar

- 9.2.1 Sé aðalstarf kennarans launað sem staðgengilsstarf yfirmanns, ber kennaranum laun eftir flokki hans, gegni hann starfi yfirmanns lengur en 4 vikur samfellt eða hafi hann gegnt starfi yfirmanns lengur en 6 vikur á hverjum 12 mánuðum. Laun eftir flokki yfirmanns greiðast einungis frá lokum nefndra fjögurra eða sex vikna.
- 9.3.1 Kennari, sem ekki er í stöðu staðgengils yfirmanns, en er falið að gegna störfum yfirmanns í forföllum hans eða störfum annars herra launaðs kennara, skal taka laun eftir launaflokki hins forfallaða kennara þann tíma, er hann gegnir starfi hans.

AVT
D'O

10. Endurmenntun, eftirmenntun

10.1 Launalaust leyfi

10.2.1 Kennari skal eiga rétt á launalausú leyfi í hæfilegan tíma, ef honum býðst tækifæri og/eða styrkur til að vinna að tilteknu verkefni tengdu starfi hans. Slíkt leyfi skal tekið í samráði við skólustjórn.

10.2.2 Námsorlof

Kennarar skulu eiga rétt á námsorlofi og skal skólinn greiða laun í slíku orlofi, eða semja um að slík greiðsla verði ákveðin af orlofsnefnd sbr. reglugerð. Framkvæmd þessa byggist á 12. gr. laga nr. 80/1996.

10.3 Starfsmenntunarsjóður

10.3.1 Verzlunarskóli Íslands greiðir sérstakt gjald í Starfsmenntunarsjóð kennara. Gjald þetta skal nema 0,22% af fóstum dagvinnulaunum félagsmanna.

10.5 Vísindasjóður

10.5.1 Vísindasjóður kennara skal stuðla að auknum rannsóknum, þróunarstarfi og endurmenntun félagsmanna. Úr sjóðnum er úthlutað til félagsmanna, einstaklinga eða hópa skv. reglum, sem aðilar settu. Sjóðurinn greiðir m.a. styrki til rannsókn- og þróunarverkefna, námskeiðsgjöld, ferða- og dvalarstyrki, styrki vegna námskeiða, sem félögin standa fyrir, aukabóknun fyrir óvenju umfangsmikil verkefni og laun á námsleyfistíma. Verzlunarskóli Íslands greiðir mánaðarlega framlag í sjóðinn, sem nemur 1,5% af fóstum dagvinnulaunum. Kennari, sem fer í námsleyfi skv. reglum sjóðsins, haldi ráðningu og ráðningartengdum réttindum.

11. Samstarfsnefndir

Sjá Viðauka 2 með þessum samningi

12. Launaseðill, félagsgjöld, iðgjaldagreiðslur o.fl.

12.1 Launaseðill og félagsgjöld

12.1.1 Við greiðslu launa til kennara á hann rétt á að fá launaseðil merktan nafni sínu. Á launaseðil skulu tilgreind fóst laun það tímabil, sem greiðslan tekur til, fjöldi yfirvinnustunda og sundurliðun einstakra tekna og frádráttarliða, sem leiða til útgreiddrar launafjárhæðar.

12.1.2 Launagreiðandi innheimtir félagsgjöld fyrir stéttarfélagið, sé þess óskað. Skal það afhenda lista eða gögn um þá, sem gjaldskyldir eru, með þeim upplýsingum, sem nauðsyn krefur. Félagsgjöld skulu innheimt mánaðarlega og skilað til félagsins fyrir 20. sama mánaðar. Innheimtu má þó haga með öðrum hætti en hér er ákveðið, ef um það er samkomulag.

12.1.3 Dagvinnulaun greiðist fyrirfram fyrsta dag þess mánaðar sem laun greiðast fyrir.

14. Uppsagnarákvæði

- 14.2 Við starfsuppsögn skal uppsagnarfrestur af beggja hálfu vera þrjú mánuðir miðað við starfslok við lok skólaárs. Eftir a.m.k. 10 ára samfellt starf er uppsagnarfrestur 4 mánuðir ef kennari er orðinn 55 ára, 5 mánuðir ef hann er orðinn 60 ára og 6 mánuðir sé hann orðinn 63 ára. Kennari getur hins vegar sagt upp starfi sínu með hinum almenna 3 mánaða fyrirvara miðað við upphaf eða lok skólaárs.

15. Gildistími

- 15.1 Samningur þessi gildir frá 1. apríl 2005 til 31. júlí 2008.

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki skólanefndar og kennara skólans innan Félags framhaldsskólakennara.

Samningurinn er undirritaður með þeim fyrirvara að tryggingafjárhæðir tilgreindar í kafla 7 verði uppfærðar.

Menntamálaráðherra hefur lýst því yfir að stefnt skuli að því að fækka námsárum til stúdentsprófs um eitt. Ljóst er að komi slík breyting til framkvæmda á samningstímanum, kallar það á sérstakt samkomulag við Kennarasamband Íslands vegna félagsmanna þess í VÍ.

Reykjavík, 28. apríl 2005

f.h. skólanefndar

Óðbi Sveinsson
Ingólfur Ólafsson

f.h. Félags framhaldsskólakennara /
Kennarasambands Íslands

Adalheiður Sveinbjörnsdóttir
Björk Katrín Jónsdóttir
Margrét Audunsdóttir
Bertha S. Sigurðardóttir

Fylgiskjal 1

með samkomulagi
Skólanefndar Verzlunarskóla Íslands
og
Kennarasambands Íslands fyrir hönd Kennarafélags Verzlunarskóla Íslands
undirrituðu 28. apríl 2005.

Endurskoðun á röðun félagsmanna KÍ við Verzlunarskóla Íslands í launaflokka verði með eftirfarandi hætti:

1. Skipuð verður samstarfsnefnd sbr. samkomulag um skipan samstarfsnefnda sem fylgir kjarasamningi skólanefndar Verzlunarskóla Íslands og Kennarasambands Íslands fyrir hönd Kennarafélags Verzlunarskóla Íslands undirrituðu 28. apríl 2005.
2. Samstarfsnefndin skal hefja störf við endurskoðun launakerfis haustið 2005 þ.a. nýtt kerfi geti tekið gildi í maí 2006. Hún skal við upphaf starfs síns hafa upplýsingar um launasetningu starfsmanna.
3. Til að ganga úr skugga um að launapróun verði eins og aðilar ætla skal fara fram athugun á launapróun innan félagsins fyrir og eftir maí 2006 og 2007. Fyrri athugunin fari fram í mars hvort ár og hin síðari í október hvort ár.
Fulltrúar samningsaðilar komi sér saman um aðferðir við þessa athugun og viðbrögð ef þörf reynist á þeim. Gengið skal út frá því að mæld séu meðallaun á stöðugildi.
4. Við yfirlýsingu í nýja launatöflu getur samstarfsnefndin haft hliðsjón af Viðauka 1 með þessum samningi.

AST
ID

Fylgiskjal 2

með samkomulagi
Skólanefndar Verzlunarskóla Íslands
og
Kennarasambands Íslands fyrir hönd Kennarafélags Verzlunarskóla Íslands
undirrituðu 28. apríl 2005.

Aðilar eru sammála um að beita sér fyrir því að kennarar Verzlunarskóla Íslands fá hálf
annað til tvö orlof á ári.

Viðauki 1

með samkomulagi
Skólanefndar Verzlunarskóla Íslands
og
Kennarasambands Íslands fyrir hönd Kennarafélags Verzlunarskóla Íslands
undirrituðu 28. apríl 2005.

Með þessum samningi eru felld út úr fyrri samningi ákvæði um launaröðun og starfsþróun félagsmanna og við taka ákvæði stofnanasamnings. Hér að neðan fylga hugmyndir fyrir samstarfsnefnd:

1. Flokkun starfa eftir eðli starfs og viðfangi

Leið til að nálgast launasetningu á grundvelli starfaflokkunar og starfslýsinga sbr. kafla 11.3 er að flokka störf félagsmanna KÍ í framhaldsskólum á eftirfarandi hátt:

1.1. Kennarar

Kennari 1 – Kennarinn hefur með höndum skipulagningu kennslu, námsmat og upplýsingagjöf í samræmi við starfsskyldur sínar samkvæmt lögum og reglugerðum og tekur þátt í innra starfi. Kennarinn semur og vinnur eftir áætlunum um þá námsáfanga sem hann kennir, sinnir samstarfi við samkennara um kennsluna og nám nemenda. Kennarinn starfar sjálfstætt, þ.e. ber fulla ábyrgð á kennslu og námsmati í samræmi við námskrá, skólanámskrá og ákvarðanir innan deildar/sviðs.

Kennari 2 – Kennari sem hefur aflað sér reynslu í starfi. Hann hefur tekið virkan þátt í endurmenntun og er vel heima í þróun sinnar faggreinar. Hann sinnir samstarfi innan síns skóla svo sem innan deildar og milli deilda og við þróun og viðhald skólanámskrár í sinni grein og er fær um að gegna ýmsum ábyrgðarstörfum, svo sem faglegri stjórnun og verkefnum í innra starfi skólans.

Kennari 3 – Kennari, sem vegna reynslu sinnar og menntunar, getur veitt ráðgjöf og leiðsögn til nýliða, samkennara, verið stjórnendum til ráðuneytis um ýmis málefni skólans. Hann hefur staðgóða reynslu af samningu kennslugagna og leiðbeininga, yfirsýn yfir málefni kennslugreina sinna og heildaryfirsýn yfir starfsemi síns skóla. Hann er fær um að leiða/taka þátt í umræðu/starfi, svo sem varðandi skipulag endurmenntunar, starfsþróunar og framtíðaráætlana stofnunarinnar. Hann er hæfur til að taka að sér stjórnun.

1.2. Náms- og starfsráðgjafar

Náms- og starfsráðgjafi veitir nemendum leiðsögn í persónulegum málum sem snerta námið og skólann. Náms- og starfsráðgjafar eru sérfræðingar í ráðgjöf um það sem lýtur að námi og störfum. Náms- og starfsráðgjafar eru stjórnendur í þeim hluta stuðningskerfis framhaldsskólans er snýr að stuðningi við nemendur og eru trúnaðarmenn þeirra.

Starfið felur í sér:

- Móttöku nýnema og kynningu á námi í skólanum.

ASB
E.Ö.

- Ráðgjöf um náms- og starfsval, s.s. áhugagreiningu og upplýsingagjöf.
- Ráðgjöf um vinnubrögð, s.s. skipulagningu, áætlanagerð og námsaðferðir.
- Persónulega ráðgjöf og stuðning við nemendur.
- Þróunarverkefni, s.s. skráningu viðtala, mat og áætlanagerð og fræðslu.
- Samstarf við yfirvöld og sérfræðinga.

Starfið getur ennfremur falið í sér:

- Umsjón með umsjónarkerfi skólans, s.s. skipulagningu funda og ráðgjöf við kennara
- Aðstoð við nemendur með sértæka námsörðugleika
- Námsmat úr öðrum skólum.
- Hópráðgjöf, s.s. vegna prófkviða, áhugagreininga, gerð ferilsskráa og námstækni.
- Umsjón með útskriftarnemendum.
- Ráðgjöf til fjarnemenda.

1.3. Stjórnendur

Stjórnendur í framhaldsskólum skiptast í grófum dráttum í þrjá hópa, aðstoðarskólameistara, áfangastjóra og stjórnendur sem taka að sér viðamikla stjórnun brauta og/eða sviða eða umsjón með sérverkefnum af einhverju tagi.

Stjórnendur með viðamikla verkefnastjórn

Hér er um að ræða stjórnendur sem taka að sér viðamikil stjórnunarstörf á grundvelli 7. greinar reglugerðar um starfslið og skipulag framhaldsskóla. Nánar er kveðið á um starfsheiti og verksvið í skipuriti og starfslýsingum skóla.

Áfangastjóri

Starfsskyldum áfangastjóra er lýst í 6. grein reglugerðar nr 5/2001 um starfslið og skipulag framhaldsskóla og í erindisbréfi sem skólameistari setur.

Aðstoðarskólameistari

Starfsskyldum aðstoðarskólameistara er lýst í 3. og 5. grein reglugerðar nr 5/2001 um starfslið og skipulag framhaldsskóla og í erindisbréfi sem skólameistari setur.

2. Röðun starfa í launaflokka

Samstarfsnefndir þeirra skóla sem taka upp nýja launatöflu og nýtt launakerfi þurfa að setja reglur um röðun starfa í launflokka (lóðrétt röðun) og um álagsgreiðslur vegna persónu- og tímabundinna þátta (lárétt röðun). Þessar reglur geta verið breytilegar eftir skólum.

Við röðun starfa í launaflokka sjá sammingsaðilar fyrir sér að styðjast megi við eftirfarandi viðmið:

- Kennara 1 er grunnraðað í launaflokk 2
- Kennara 2 er grunnraðað í launflokki 4
- Kennara 3 er grunnraðað í launaflokk 7
- Náms- og starfsráðgjafa er grunnraðað í launaflokk 7

- Stjórnenda með viðamikla verkefnastjórn er grunnraðað í launaflokk 9
- Áfangastjóra eða sambærilegum stjórnanda er grunnraðað í launaflokk 11
- Aðstoðarskólameistara er grunnraðað í launaflokk 13

3. Viðmið fyrir frekari röðun í launaflokka (Lóðrétt röðun)

Kjarasamningurinn gerir ráð fyrir því að störf flokkist eftir starfslýsingum og raðist í launaflokka eftir þeim. Þó er í þessum hugmyndum gert ráð fyrir að hver starfsflokkur spanni fleiri launaflokka og starfsmaður geti bætt við sig launaflokkum innan sama starfsflokksins/starfsins.

3.1. Kennarar

Kennsluréttindi

Kennara með kennsluréttindi er raðað a.m.k. launaflokki hærra en ella.

Verkefnisstjórn

Ef kennara er falið tímabundið að gegna sérstökum verkefnum jafnhliða kennslu getur hann raðast hærra en ella á meðan hann gegnir þeim. Hve mikil sú umframröðun er ræðst af umfangi viðkomandi verkefna auk þeirrar færni (kunnáttustigs/sérhæfingar) sem þarf til að geta innt verkefni af hendi. Launaröðun vegna verkefna getur einnig verið í formi álags – sbr. lárétt röðunartilefni.

Starfsreynsla

- Ekki síðar en eftir tveggja ára starf sem kennari 1 skal viðkomandi raðast betur en ella.
- Ekki síðar en eftir tveggja ára starf sem kennari 2 skal viðkomandi raðast betur en ella.
- Ekki síðar en eftir tveggja ára starf sem kennari 3 skal viðkomandi raðast betur en ella.
- Kennari sem raðast sem kennari 3 og hefur haft viðbótarlaunasetningu vegna sérstakra verkefna og gegnt þeim í a.m.k. 5 ár, njóti þeirrar reynslu í launasetningu.

Hæfnismat

- Ekki síðar en eftir 5 ára starf sem kennari 1 á viðkomandi rétt á mati samstarfsnefndar á hæfni sinni til ráðningar sem kennari 2. Verði slíkt mat neikvætt á hann rétt á endurmati að ári.
- Ekki síðar en eftir 5 ára starf sem kennari 2 á viðkomandi rétt á mati samstarfsnefndar á hæfni sinni til ráðningar sem kennari 3. Verði slíkt mat neikvætt á hann rétt á endurmati að ári.

Áskilið er að í viðkomandi skóla liggja fyrir viðurkenndar forsendur/matskerfi til að meta umrædda hæfni. Sé slíkt matskerfi ekki fyrir hendi eða verði ágreiningur um matið skal vísa málinu til sáttanefndar skv. kjarasamningi.

AST
JÖ

3.2. Náms- og starfsráðgjafar

Við ákvörðun um það hvort náms- og starfsráðgjafar skuli ráðast hærra en grunnröðun kveður á um er eðlilegt að taka m.a. tillit til eftirfarandi:

- Sérstakrar ábyrgðar
- Umfangs starfs
- Fjölbreytileika verkefna
- Leiðsögn annarra starfsmanna
- Sérstaks álags, viðvarandi eða árstíðarbundins
- Samskipta við ráðuneyti, stofnanir og aðila utan skólans

3.3. Stjórnendur

Við ákvörðun um það hvort stjórnandi skuli ráðast hærra en grunnröðun kveður á um er eðlilegt að taka m.a. tillit til eftirfarandi:

- Sérstakrar ábyrgðar
- Umfangs starfs
- Fjölbreytileika verkefna
- Leiðsögn annarra starfsmanna
- Sérstaks álags, viðvarandi eða árstíðarbundins
- Samskipta við ráðuneyti, stofnanir og aðila utan skólans

Stjórnandi sem unnið hefur sem slíkur í a.m.k. 5 ár njóti þeirrar reynslu í launasetningu hefji hann aftur störf sem kennari.

4. Viðmið um notkun álagsþátta (lárétt röðun).

Samstarfsnefndir þeirra skóla sem taka upp nýja launatöflu og nýtt launakerfi þurfa að semja um álagsgreiðslur vegna persónu- og tímabundinna þátta (lárétt röðun). Slíkir þættir geta verið breytilegir eftir skólum og störfum.

Við mat á álagi vegna þessara þátta (lárétt röðun) ber að líta til viðbótarmenntunar sem nýtist í starfi, starfsreynslu, viðbótarábyrgðar og álags vegna sérstakra verkefna, hæfni og sérstaks árangurs og/eða frammistöðu. Sumir þeirra þátta sem koma til álita í þessu sambandi geta misst vægi sitt að einhverju eða öllu leyti breytist lóðrétt röðun viðkomandi kennara, náms- og starfsráðgjafa eða stjórnanda.

Það á þó ekki við um formlega viðbótarmenntun umfram viðmiðunarmenntun hvers starfaflokks og álag vegna hennar ætti því að vera ótengt við lóðrétt launaröðun, nema einstaklingur færir í flokk með önnur viðmið.

Með þann mikla breytileika sem er innan framhaldsskólakerfisins í huga verður að búast við því að samstarfsnefndir, sem þurfa að forgangsraða þeim þáttum sem álag er greitt fyrir, útfæri þennan hluta með mismunandi hætti. Þættir sem hugsanlegt er að meta með t.d. stigakerfi gætu verið:

- Formleg viðbótarmenntun umfram tilskilda menntun
- Endurmenntun
- Reynsla
- Færni/sérhæfing
- Árangur

AST
I.O.

- Álag fyrir nýliða í kennslu
- Álag vegna kennslu nýs áfanga
- Álag vegna kennslu áfanga/greina þar sem námsefni er ekki til staðar
- Leiðsögn með nýliðum
- Fjölhæfni í starfi (fjöldi greina/áfanga)
- Nemendafjöldi í námshópum
- Álag vegna kennslu greina/áfanga sem hafa umfangsmikið námsmat
- Vinna við þróunarverkefni
- Starf í nefndum á vegum skólans
- Viðbótarábyrgð og/eða álag vegna sérstakra verkefna
- Frumkvæði/forysta í skipulags- og uppbyggingarstarfi, þróunar- og nýbreytnistarfi

Þó í þessum viðauka endurspeglisú sátt sem samningurinn byggir á, skal tekið fram að samstarfsnefndir eru á engan hátt bundnar af honum. Hann er settur fram til að auðvelda starf við gerð stofnanasamninga og er fyrst og fremst mótaður af núverandi launadreifingu.

Viðauki 2
SAMKOMULAG
um starfshætti samstarfsnefnda

I.

Stofnanasamningur er sérstakur samningur milli stofnunar og starfsmanna um útfærslu tiltekinna þátta kjarasamningsins að þörfum stofnunar og starfsmanna með hliðsjón af eðli starfsemi, skipulagi og/eða öðru því sem gefur stofnun sérstöðu. Viðræður um stofnanasamning fara fram undir friðarskyldu.

II.

Stofnun skal gera stofnanasamning við starfsmenn. Takist það ekki skal vísa málinu til samstarfsnefndar KÍ og Verslunarskólans.

Við gerð samningsins skal semja um röðun starfa og hvaða þættir og/eða forsendur skuli ráða röðun þeirra. Þar skulu fyrst og fremst metin þau verkefni og skyldur sem í starfinu felast auk þeirrar færni (kunnáttustig/sérhæfing), sbr. íslenska starfaflokkun ÍSTARF 95, sem þarf til að geta innt starfið af hendi. Þá skal litið til skipurits stofnunar eða annars formlegs starfsskipulags við gerð samningsins. Starfslýsingar eru ein af forsendum röðunar starfa í launaflokka og skulu þær endurskoðaðar í takt við þróun starfa.

Í stofnanasamningi skal einnig semja um hvaða þættir og/eða forsendur skuli ráða mati á persónu- og tímabundnum þáttum.

Persónubundnir þættir sem geta gert menn hæfari í starfi eru t.d.:

Viðbótarmenntun sem nýtist í starfi svo og starfsreynsla.

Tímabundnir þættir sem koma til greina eru t.d.:

Viðbótarábyrgð og/eða álag vegna sérstakra verkefna.

Hæfni, sérstakur árangur og/eða frammistaða.

Ofangreindir þættir geta verið breytilegir frá einum tíma til annars og álag á laun því breytilegt. Ofangreinda þætti skal endurskoða við breytingar á starfssviði starfsmanns eða eftir nánari útfærslu í stofnanasamningi.

III.

Samstarfsnefnd, skipuð tveimur fulltrúum frá hvorum aðila, og jafnmörgum varafulltrúum, annast gerð stofnanasamnings endurskoðar hann og gerir breytingar á stofnanasamningi. Samstarfsnefnd semur um röðun starfa og fjallar um ágreiningsmál sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar stofnanasamnings. Kennarar geta vísað ágreiningsmálum til nefndarinnar.

Beina skal erindi til samstarfsnefndarinnar með skriflegum hætti og skal komið á samstarfsnefndarfundi svo fljótt sem auðið verður en þó ekki síðar en fjórum vikum eftir að erindið berst. Samstarfsnefnd skal svara erindum innan 4 vikna frá því að þau voru fyrst borin formlega fram á fundi nefndarinnar. Verði samstarfsnefnd sammála um breytingar á launasetningu eða öðru því sem til hennar hefur verið vísað, skal sú breyting gilda frá og með næstu mánaðamótum eftir að erindið var fyrst formlega borið fram í nefndinni nema annað sé sérstaklega ákveðið.

Fulltrúar í samstarfsnefnd geta farið fram á endurskoðun á stofnanasamningi verði umtalsverðar breytingar á þeim forsendum sem hann hvílir á. Sem dæmi um breytingar á forsendum má nefna breytingar í miðlægum kjarasamningi og breytingar á umfangi, hlutverki eða starfsemi stofnunar. Hvor aðili um sig getur kallað nefndina til starfa. Skal þá metið hvort forsendur hafi breyst þannig að ástæða sé til að gera breytingar á honum. Koma skal á samstarfsnefndarfundi svo fljótt sem auðið verður en þó ekki síðar en fjórum vikum eftir að erindið berst. Fella skal þær breytingar sem gerðar eru hverju sinni inn í gildandi stofnanasamning og staðfesta hann þannig breyttan. Að jafnaði skal stofnanasamningur endurskoðaður á tveggja ára fresti.

Náist ekki samkomulag í nefndinni vegna gerðar og/eða endurskoðunar stofnanasamnings innan þriggja mánaða frá því að málið kemur til meðferðar á vettvangi hennar, geta fulltrúar vísað málinu til samstarfsnefndar KÍ og Verslunarskólans.

IV.

Samstarfsnefnd skal skipuð fjórum fulltrúum, tveimur frá KÍ og tveimur frá skólanefnd Verslunarskólans.

Samstarfsnefnd skal taka fyrir þau mál sem til hennar er vísað. Ákvarðanir sáttanefndar skulu taka mið af fjárheimildum stofnunar. Nefndinni er heimilt að taka til umfjöllunar mál er varða stefnumarkandi túlkanir og álitæfni er snerta framkvæmd og þróun kjarasamnings.

Beina skal erindum til nefndarinnar með skriflegum hætti og fundi skal koma á svo fljótt sem auðið verður en þó ekki síðar en fjórum vikum eftir að erindið berst. Samstarfsnefnd skal svara erindum innan 4 vikna frá því að þau voru fyrst borin formlega fram á fundi nefndarinnar.

Nefndin setur sér að öðru leyti starfsreglur.